

# Kröflulína III - breytt lega

Tillaga að breyttu  
Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028  
ásamt umhverfismati

sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010  
og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 205/2006

21. júní 2018



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

**ATA**

A0597-034-U02


## Aðdragandi og forsendur

Kröflulína 3 er fyrirhuguð frá tengivirki við Kröfluvirkjun í Skútustaðahreppi að tengivirki við Fljótsdalsstöð í Fljótsdalshreppi. Í gildandi Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er gert ráð fyrir línunni og að hún liggji meðfram Kröflulínu 2, sem þegar er risin. Línuleiðin liggur frá vestari staðarmörkum sveitarfélagsins í Jökulsá á Fjöllum við Núpaskot að staðarmörkum Fljótsdalshrepps á Klausturselsheiði. Landsnet lagði í júlí 2017 fram umhverfisskýrslu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar kemur fram að sá kostur sem Landsnet telur nú heppilegastan, vísar frá línuleiðinni í aðalskipulaginu á 10 km kafla innan Fljótsdalshéraðs.

Auk framangreinds mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar dagsett 6. desember 2017 (nr. 201409068).

Tilgangur Kröflulínu 3 er að bæta raforkukerfi landsins, tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta, auka flutningsgetu, öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku.

Kröflulína 3 var færð inn í aðalskipulagið með breytingu sem Skipulagsstofnun staðfesti 2. febrúar 2015.




*Sveitarfélagsuppdráttur  
A í Aðalskipulagi  
Fljótsdalshéraðs  
2008-2028. Staðsetning  
breytingar skv. þessari  
tillögu sýnd með  
rauðum ramma.*

## Breytingar á skipulagsgögnum


Lögð er til breyting á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 á fyrrgreindum 10 km kafla sem kemur fram á sveitarfélagsupprætti A. Einnig er breytt texta um línuna í kafla 8.5 í greinargerð.

Engar breytingar eru gerðar á skipulagsákvæðum um efnistökusvæði.

Breytingar á sveitarfélagsupprætti eru sýndar á myndunum hér fyrir neðan:



*Sveitarfélagsuppráttur A fyrir breytingu, 1 : 150.000.*



*Sveitarfélagsuppráttur A eftir breytingu, 1 : 150.000.*

Breytingar á texta greinargerðar taka mið af breytingu sem Skipulagsstofnun staðfesti 2. febrúar 2015 þar sem eftirfarandi texta var bætt inn í kafla 8.5 í greinargerð:

Kröflulína 3, fyrirhuguð lína frá Kröflu að Fljótshérað, meðfram Kröflulínu 2. Línan er háð mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi sveitarstjórna.

Eftir þá breytingu sem nú er lögð til hljóðar textinn þannig:

Kröflulína 3, frá Kröflu að Fljótshérað, meðfram Kröflulínu 2 að undanskildum 10 km kafla austan Jökulsár á Fjöllum. Línan er háð mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi sveitarstjórna.

Breytingin er í samræmi við almenna stefnu um rafveitu í Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028:

*Sveitarfélagið leitast við að auðvelda aðgengi að raforku þar sem þess er þörf og að afhendingaröryggi sé gott. Við endurnýjun raflína verði leitast við að bjóða þriggja fasa tengingar.*

Tilgreint er að stefnunni skuli framfylgja með góðu samstarfi við fyrirtæki sem sinna framleiðslu og dreifingu á raforku.

## Staðhættir


Í umhverfisskýrslu Landsnets er landslagi á svæðinu sem breytingin nær til lýst svo:

*Einkenni landslagsheildarinnar austan við Jökulsá á Fjöllum eru allt önnur en vestan ár. Svæðið er hálent (um 500 m) með áberandi móbergshryggjum með norður-suður stefnu. Vestast eru Lambafjöll og Fremri-Grímsstaðanúpur og hálandissléttur þar austur af. Víðidalur opnast til norðurs og þar liggur Þjóðvegur 1 um svæðið, meðfram Víðidalsfjöllum og austur um Vegaskarð.*

...

*Undir suðurhorni Fremri-Grímsstaðanúps er Núpaskot, dalverpi sem Skarðsá beygir inn í, skömmu áður en hún rennur út í Jökulsá á Fjöllum. Í Núpaskoti eru lindir, nokkur gróður og stuðlaberg með fjölbreyttum bergmyndum.*

Gróðurfur á svæðinu er fábreytt á lítt eða ekki grónum melum. Ríkjandi vistgerð er eyðimelavist, skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í umhverfisskýrslu er ekki talinn teljandi munur á gróðurfari á línuleiðunum tveimur.



*Fyrirhuguð ný lega Kröflulínu 3 sýnd með brotinni gulri línu en línustæði skv. gildandi aðalskipulagi með heilli línu. Þjóðvegur 1 og vegur 901 sjást með blárrí línu hægra megin en sveitarfélagamörk Fljótaldalshéraðs, Skútustaðahrepps og Norðurþings sjást með grænni línu til vinstri.*

## Tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni

Umrædd línustæði eru bæði innan þeirrar miðhálandislínu sem skilgreind var í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands sem felld var úr gildi við samþykkt Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Í henni er

mörkuð stefna um landnotkun á miðhálandinu og þá miðað við sömu markalínu. Þar segir m.a. svo um víðerni og náttúrugæði (kafla 1.1):

#### *1.1.1 Skipulagsákvæði um náttúru og víðerni*

*Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufræðis. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins.*

Þar segir einnig í kafla 1.4 um sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda:

#### *1.4.1 Orkunýting í skipulagsáætlunum*

*Skipulagsákvæðanir um landnýtingu og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings taki mið af áherslu landsskipulagsstefnu á sjálfbæra nýtingu orkulinda og verndun víðerna og náttúru miðhálandisins. Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálandisins.*

...

#### *1.4.3 Umhverfismat orkuflutningskosta*

*Við umhverfismat kerfisáætlunar verði lagt mat á áhrif mismunandi kosta varðandi legu og útfærslu orkuflutningsmannvirka á víðerni og náttúru hálandisins. Á miðhálandinu taki slíkt umhverfismat til kosta sem felast í lagningu jarðstrengja auk loftlína.*

Kerfisáætlun Landsnets fjallar um flutningskerfi raforku í heild. Í gildandi Kerfisáætlun 2015-2024 er gert ráð fyrir Kröflulínu 3 meðfram Kröflulínu 2.

Þar sem línustæðið fer yfir Jökulsá á Fjöllum sunnan Fremri-Grímsstaðanúps nær það inn fyrir mörk Vatnajökulsþjóðgarðs á kafla sem nær yfir hluta af farvegi árinna. Í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins er gert ráð fyrir Kröflulínum 2 og 3 samsíða. Engin breyting er fyrir séð á legu Kröflulínu 3 þar sem hún fer yfir ána; hún verður eftir sem áður við hlið Kröflulínu 2 á þeim stað. Fullt samræmi er því við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

## **Umhverfismat**

Kröflulína 3 er framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 og því fellur áformuð breyting á aðalskipulaginu vegna breytingar á línustæði undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Ítarleg gögn liggja fyrir um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, bæði í umhverfisskýrslu Landsnets og í áliti Skipulagsstofnunar. Í umhverfisskýrslunni eru borin saman áhrif þess að hafa línuna í áður áformuðu línustæði samsíða Kröflulínu 2 (valkostur C) við þann kost að færa hana á umræddum 10 km kafla (aðalvalkostur). Umhverfisskýrsla Landsnets lýsir mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í samræmi við lög nr. 106/2000. Umhverfismat þeirrar breytingar á aðalskipulagi sem hér er lögð til byggist á samantekt upplýsinga úr framangreindum gögnum ásamt afstöðu bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs til þeirra efnisatriða sem þar koma fram og varða stefnu bæjarstjórnar um landnotkun á aðalskipulagsstigi.

Í umhverfisskýrslu fyrir framkvæmdina eru metin áhrif á eftirtalda umhverfisþætti og eru þeir sömu notaðir við umhverfismat áætlana fyrir aðalskipulagsbreytinguna:


- Gróðurfar
- Fuglalíf
- Fornleifar
- Jarðmyndanir
- Landslag og ásýnd
- Náttúruvernd
- Vatnsvernd og neysluvatn
- Útivist og ferðamennska
- Landnotkun - afréttur
- Hreindýr
- Áhætta og öryggismál

Hér fyrir neðan eru dregin fram meginatriði sem fram koma um aðalvalkost Landsnets, þ.e. línustæði í samræmi við breytinguna sem hér er lögð til, samanborið við valkost C í matsskýrslunni, sem er línustæði Kröflulínu 3 meðfram Kröflulínu 2 eins og gildandi aðalskipulag kveður á um. Aðeins er horft til þess sem munar á þessum tveimur kostum á umræddum 10 km kafla en ekki skoðuð umhverfisáhrifin í heild eða áhrif á öðrum svæðum.

### **Gróðurfar**

Áhrif á gróðurfar verða við rask á yfirborði vegna lagningar vega og mastursplana. Breytt lega Kröflulínu styttr leiðinina um 500 m og hefur einu mastri og mastursstæði færra en núverandi lega. Heildarrask á yfirborði er 1,5 ha minna og áhrif breytingarinnar því örlítið minni á gróðurfar.

Samkvæmt lýsingum í matsskýrslu Landsnets, sem byggja m.a. á CORINE flokkunarkerfi Landmælinga Íslands, er svæðið sem breytingin nær til að mestu ógrónir eða lítt grónir melar. Við umhverfismat þessarar aðalskipulagstillögu hefur ennfremur verið skoðað hvaða vistgerðir eru á svæðinu sem breytingin nær til, skv. vistgerðagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Myndin hér fyrir neðan sýnir yfirflokka vistgerða, þar sem grábrúnn litur er ráðandi en hann tákna mela- og sandlendi. Grænleitir flákar tákna mólendi. Þeir undirflokkar sem línuleiðin mun ná til eru m.a.: landmelhólavist, ljónslappaskriðuvist, lyngmóavist á láglandi og melagambravist. Verndargildi þeirra er metið lágt til miðlungs.



*Yfirflokkar vistgerða á svæðinu sem breytingin nær til. Grábrúnn litur táknar mela- og sandlendi. Grænleitir flákar tákna mólendi. Gögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands.*

Í umhverfismatsskýrslu Landsnets segir á bls. 96:

*Við Rauðanúpslind eru gróðurtorfur með melgresi, þursaskeggi, hélumosa og nokkrum fleiri tegundum og örlítið deiglendi. Við Skarðsá er deiglendi og nokkur mosagróður og undir Rauðanúpi er smá gróðurlendi, einkum melgresi, deiglendi og stöku grávíðistorfur.*

*Línuleiðin liggur að mestu um mela- og sandlendi, sem einkennist helst af eyðimelavist, með lágt verndargildi og er lítt gróin og algengust vistgerða innan þessarar vistlendisgerðar.*

Af myndinni og ofangreindri lýsingu má ráða að hvað gróðurfar varðar er ekki verulegur munur á línuleiðunum tveimur og því ekki ástæða til að ætla að áhrif á gróður séu ólík að neinu leyti. Nær ekkert votlendi er á línuleiðunum.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að óverulegur munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á gróðurfar.

### Fuglalíf

Vegna lítils gróðurs er ekki að vænta verulegra áhrifa á fuglalíf meðan á framkvæmdum stendur.

Langtímaáhrif raflína eru bundin við áflug fugla en andfuglum og rjúpum er hættast við að fljúga á línur. Í sérfræðiskýrslu Náttúrustofu Norðausturlands, sem fylgir matsskýrslu Landsnets, kemur fram að áhrifin verða mest á þeim svæðum þar sem þessar tegundir eru algengastar.

Í matsskýrslu Landsnets er bæði núverandi lega í aðalskipulagi og breytt lega Kröflulínu 3 innan sama athugunarsvæðis, Veggir - Kollseyrudalur. Um athugunarsvæðið segir:

*Línuleiðin frá Melstykki að Kollseyrudal liggur að mestu um auðnir þar sem fárra fugla er að vænta. Á nokkrum stöðum fer hún þó yfir lítil votlendissvæði, einkum í dalbotnum og lægðum, þar sem vænta má fugla. Fuglar voru taldir á einu slíku votlendissvæði í Víðidal vestan Möðrudals (4 punktar). Alls sáust 11 tegundir; þær heiðagæs, álf, urtönd, heiðlóa, stelkur, lóupræll, hrossagaukur, óðinshani, svartbakur, kjói og þúfutittlingur. Heiðagæs er algengur varpfugl á þessu svæði. Sömuleiðis er lóupræll algengur og þúfutittlingur sást víða syngjandi, en það er sterk vísbending um varp. (bls. 126)*

Umrætt votlendi í Víðidal er nokkru norðan við línustæðið í gildandi aðalskipulagi.

Í skýrslunni kemur fram að þéttleiki fugla hafi ekki verið mældur á hálf eða lítt grónum svæðum. Fuglalíf er talið sambærilegt við báðar línuleiðirnar. Þá kemur fram að fálki og snægla, sem séu tegundir sem njóta sérstakrar verndar við varpstaði, geti verið á línuleiðinni. Ekki sé vitað til þess að snægla hafi orpið á svæðinu og fálkar séu mjög strjálir. Ólíklegt er að þessar tegundir verði fyrir truflunum eða áföllum vegna Kröflulínu 3. Aðrar válistategundir séu fálíðaðar á þessari leið og því sé línulögn ekki talin hafa mikil áhrif á þær.

Í álitinu sýna áráttar Skipulagsstofnun mikilvægi þess að tryggt verði í leyfisveitingum til Kröflulínu 3 að áflug fugla verði vaktað. Þar verði gerð krafa um vöktunaráætlun sem unnið er að í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að óverulegur munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á fuglalíf.

### **Fornleifar**

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að á því svæði sem breytingin nær til sé engar fornleifar að finna. Þar sem Kröflulína 2 og 3 myndu sameinast aftur, við Sauðaskarð í Víðidal, er að finna þjóðleið, vörður, sem varða leiðina um Víðidal. Þjóðleiðin liggur undir Kröflulínu 2 og fyrirhugaða Kröflulínu 3 en minja- og varðveislugildið er hins vegar lágt eða 3 (á skalanum 1-10).

Erfitt verður að sneiða hjá þjóðleiðinni þar sem masturstæði kemur til með að standa mjög nálægt þjóðleiðinni og vegslóð að mastrinu þverar leiðina tvisvar. Verndin snýr þó fyrst og fremst að vörðum þeim er varða leiðina og framkvæmdirnar koma ekki til með að raska þeim.

Í álitinu Skipulagsstofnunar segir m.a.:

*Að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem Landsnet hyggst grípa til í því skyni að draga úr eða koma í veg fyrir rask á minjastöðum og fornleifum telur Skipulagsstofnun að lagning Kröflulínu 3 samkvæmt öllum valkostum muni hafa óveruleg áhrif á menningarminjar, með fyrirvara um þá hluta leiðar sem ekki hafa verið skráðir.*

Við kynningu á þessari aðalskipulagsbreytingu barst umsögn frá Minjastofnun þar sem bent er á misræmi í kortagögnum sem fram koma í fornleifaskráningarskýrslu og frummatsskýrslu. Þegar leitað var eftir skýringum kom fram yfirlýsing frá Fornleifafræðistofnunni um að línustæði skv. breytingunni sem hér er lögð til hafi verið kannað á vettvangi árið 2013 og engar fornleifar hafi fundist.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að óverulegur munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á fornleifar.

### **Jarðmyndanir**

Kröflulína 2 og liggur að mestu á svæði þar sem jarðmyndanir eru frá síðari hluta ísaldar. Skiptast þar á móbergshryggir með N-S stefnu, sem hlaðist hafa upp við sprungugos undir jökli, og flatlendi þakið jökul- eða árseti. Í matsskýrslu kemur fram að núverandi línuleið samhliða Kröflulínu 2 og breytt línuleið um Núpaskot liggja hvorugar um sérstæðar jarðmyndanir eða jarðmyndanir sem njóta verndar



samkvæmt lögum. Áhrif breyttrar línuleiðar á jarðminjar teljast því nánast þau sömu og núverandi leið. Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telur áhrif á jarðmyndanir sambærileg fyrir alla valkosti.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að óverulegur munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á jarðmyndanir.

### **Landslag og ásýnd**

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að áhrif línunnar á landslag og ásýnd verði nokkuð neikvæð. Einnig kemur fram að breytt lega skv. þessari tillögu valdi líttillega minni áhrifum á landslag og ásýnd vegna minni sýnileika, þ.m.t. frá Öskjuvegi og frá Núpaskoti. Í álitni Skipulagsstofnunar er tekið undir þetta.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú breytt lega skv. tillögunni sem hér er sett fram leiði til líttillega minni neikvæðra áhrifa á landslag og ásýnd, þrátt fyrir að um tvö línustæði sé að ræða á umræddum kafla.

### **Náttúruvernd**

Svæðið sem breytingin nær til liggur hvergi innan náttúruverndarsvæða. Þó skal taka fram að sameiginleg línuleið Kröflulínu 2 og 3 vestan breytingarinnar liggur í gegnum Vatnajökulspjóðgarð þar sem hún þverar Jökulsá á Fjöllum á um 150 m kafla. Gert er ráð fyrir Kröflulínu 2 og Kröflulínu 3 í á þessum stað í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Ekki er gert ráð fyrir neinum möstrum innan þjóðgarðsins og verða áhrif línunnar því fyrst og fremst sjónræn þar sem leiðarar línunnar liggja yfir ána og háspennumöstur verða sýnileg beggja vegna þjóðgarðs.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að enginn munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á náttúruvernd.

### **Vatnsvernd og neysluvatn**

Svæðið sem breytingin nær til liggur hvergi innan vatnsverndarsvæða. Áhrif línuleiðar Kröflulínu 3 á grunnvatn er sú að ekki er hægt að útiloka sínklekt (Zn) í gegnum mastraplön og einhverja veðrun á blýi (Pb) frá möstrum. Þessi áhrif eru óháð línustæðinu.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að enginn munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á vatnsvernd og neysluvatn.

### **Útivist og ferðamennska**

Breytt lega Kröflulínu skv. þessari tillögu er meðal annars ætluð til þess að draga úr sjónrænum áhrifum línunnar við Núpaskot en þar er vinsæll veiðistaður og eru skipulagðar ferðir þangað á vegum ferðaþjónustunnar í Möðrudal.

Fjallað er um Núpaskot í Náttúrumæraskrá Fljótsdalshéraðs, en þar segir:

*\*\*13.10.9 Núpaskot. Fremri-Grímsstaðanúpur (878 m) er fjallsbálgur vestur við Jökulsá á Fjöllum, og liggja hreppamörk um hann austanverðan. Undir suðurhorni hans er Núpaskot, stutt dalverpi sem Skarðsá beygir inn í, skammt frá ósi. Þar eru lindir og fallegur gróður, m.a. nokkuð af gulvíði og loðvíði. Þarna er klettaveggur við Skarðsá, úr óreglulega stuðluðu bergi (rósabergi), með fjölbreyttum bergmyndum. Nokkru austar fossar lindavatn út úr kletti ofan í Skarðsá, og heitir þar Klettslindar.*

Lega línunnar skv. gildandi aðalskipulagi, þ.e. meðfram Kröflulínu 2, gerir ráð fyrir að Kröflulína 3 liggji um Núpaskot og myndi því sjást betur þaðan.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú breytt lega skv. tillögunni sem hér er sett fram leiði til minni neikvæðra áhrifa á útivist og ferðamennsku.

### **Landnotkun - afréttur**

Áhrif Kröflulínu 3 á sauðfé á afrétti eru fyrst og fremst ónæði meðan á framkvæmdum stendur. Hættan er að sauðfé lendi á þvælingi út fyrir sína hefðbundnu haga og þá er hættu á að lömb villist undan mæðrum sínum. Sauðfé er viðkvæmara fyrir umferð um afréttarlönd fyrri hluta sumars þegar vaxtarhraði lambanna er mestur og þá er jafnframt mest hættu á að þau villist undan. Einnig trufla framkvæmdir smalamennsku á meðan fjallaskilum stendur.

Kröflulína 3 þverar tvær megin sauðfjárveikivarnalínur, við Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal en breytt lega línuleiðar um Núpaskot hefur ekki áhrif þar á.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að enginn munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á afréttarnot. Bæjarstjórnin leggur áherslu á að gætt sé að varnarlínunum búfjárjúkdóma og að framkvæmdaraðili gæti þess að loka hliðum svo búfé slæðist ekki yfir varnarlínur. Þá beri framkvæmdaraðila að gæta þess ef framkvæmdir standa yfir á meðan fjallaskilum stendur að upplýsa fjallaskilanefndir og vera tilbúinn til þess að stöðva framkvæmdir tímabundið meðan á smalamennsku stendur.

### **Hreindýr**

Breytingin nær ekki til mikilvægra sumarvæðna hreindýra. Áhrif framkvæmdarinnar eru einkum talin vera tímabundin meðan á framkvæmdum stendur en breytt lega línunar er ekki talin hafa áhrif þar á.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að enginn munur sé á áhrifum leiðanna tveggja á hreindýr.

### **Áhætta og öryggismál**

Helsta náttúruváin sem snýr að því svæði sem breytingin nær til er hamfarafloð í Jökulsá á Fjöllum í kjölfar eldgoss undir jökli í Grímsvötnum, Kverkfjöllum eða Bárðarbungu og jafnvel Öskju. Skv. mynd 17.2 í matsskýrslu má búast við að nokkru lengri hluti leiðarinnar geti verið á flóðasvæði austan Lambafjalla en ekki kemur skýrt fram að það skipti verulegu máli fyrir afdrif línunnar ef til flóðs kemur.

Niðurstaða bæjarstjórnar er sú að áhrif flóða séu nægilega vel þekkt til þess að taka megillit til þeirra við hönnun línunnar í breyttu línustæði.

### **Samantekt**

Heildarniðurstaða umhverfismatsins er sú að breytt línustæði skv. tillögunni hafi minni neikvæð áhrif á landslág, ásýnd, útivist og ferðamennsku en óveruleg áhrif á umhverfið að öðru leyti.

Vegna þessarar niðurstöðu er ekki þörf á að tilgreina sérstakar viðmiðanir til að styðjast við í matinu.

### **Málsmeðferð og tímaáætlun**

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Umsagnaraðilar auk Skipulagsstofnunar eru:

- Aðliggjandi sveitarfélög: Skútustaðahreppur, Norðurþing, Vopnafjarðahreppur, Borgarfjarðahreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.

- Landeigendur í Víðidal
- Landsnet
- Umhverfisstofnun
- Vatnajökulsþjóðgarður
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin

Verkefnislýsing var kynnt í maí 2018 og barst umsögn án athugasemda frá Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun og Vegagerðinni. Frá Minjastofnun kom umsögn með ábendingu um fornleifar, sem leyst er úr í umhverfismatinu hér á undan. Landgræðslan og Umhverfisstofnun sendu umsögn þar sem lögð var áhersla á að sjónræn áhrif þess að línurnar yrðu ekki samsíða.

Tillagan er nú kynnt á vinnslustigi og er óskað eftir því að ábendingar berist í síðasta lagi 20. júlí. Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillagan fullunnin og lögð fyrir sveitarstjórn sem tekur ákvörðum um auglýsingu hennar.

Tillagan verður síðan auglýst í víðlesnu dagblaði, héraðsblaði og á vef sveitarfélagsins ([www.fljotsdalsherad.is](http://www.fljotsdalsherad.is)) og mun liggja frammi á bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs. Tillagan verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum. Athugasemdum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti. Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst í byrjun ágúst 2018.

Að auglýsingatíma liðnum verður tillagan afgreidd í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar.

Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.